

Fundargerð 13. fundar hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn að Laugalandi kl. 20:30, 20. janúar 2015.

Mætt eru Egill Sigurðsson, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir, Elín Grétarsdóttir og Brynja J. Jónasdóttir. Elín Grétarsdóttir ritaði fundargerð.

Egill Sigurðsson oddviti setti fund og stjórnaði honum.

1. Mál fráfarandi sveitarstjóra.

Jón Páll Hilmarsson hdl. kom á fundinn. Egill fór yfir málið og sagði hann frá samtali við Pál Arnór Pálsson og Jón Pál Hilmarsson.

Hreppsnefnd samþykkir að fela oddvita, í samráði við lögmann sveitarfélagsins, að gera tilraun til þess að ljúka málinu með samkomulagi við fyrrverandi sveitarstjóra Ásahrepps. Egill felur Jóni Páli Hilmarssyni hdl. að hafa samband við Finn Beck hdl. til að vinna málið áfram.

2. Starf á skrifstofu.

Egill leggur til að auka starf Barböru úr átta tímum í tólf tíma á viku. Samþykkt samhljóða.

3. Álagning fasteignagjalda

Egill segir frá álagningu fasteignagjalda.

4. Ljósleiðarinn

Egill sagði frá gangi mála í ljósleiðaraverkefninu.

5. Nefndarskipan

Egill biður sveitarstjórn að íhuga nýja aðalmenn frá Ásahreppi í stjórn Brunavarna Rangárvallasýslu, Húsakynna bs og Lund.

6. Starf sveitarstjóra

Egill gegnir starfi sveitarstjóra fyrst um sinn, á sömu kjörum. Samþykkt samhljóða.

Næsti hreppsnefndarfundur 30. janúar kl. 15:00.

Fundi slitið kl. 22:00